

## ENDURSKOÐUNARNEFND

Ár 2018, mánudaginn 12. mars var haldinn 141. fundur endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn að Tjarnargötu 12 og hófst kl. 9:02. Viðstödd voru Ólafur Kristinsson, Inga Björg Hjaltadóttir og Ingvar Garðarsson. Fundarritari var Hallur Símonarson.

### Þetta gerðist:

1. Formaður gerði grein fyrir stjórnarfundum B-hluta félaga innan samstæðu Reykjavíkurborgar sem hann hefur sótt í tengslum við framlagningu ársreikninga fyrir árið 2017. IE17060001
  - Klukkan 9:08 tekur Sunna Jóhannsdóttir sæti á fundinum
2. Fram fer umræða um upplýsingagjöf í tengslum við tengda aðila skv. skilgreiningu IAS 24 reikningsskilastaðals og regluverk Reykjavíkurborgar þ.a.l. IE18010007

Endurskoðunarnefnd leggur fram svohljóðandi bókun:kun endurskoðunarnefndar:

Það er mat nefndarinnar að erindi innri endurskoðanda vegna upplýsingagjafar um tengda aðila skv. ársreikningalögum lúti ekki að ósk um skráningu regluvarðar og tilkynningar til FME um innherja og tengda aðila skv. lögum um verðbréfavíðskipti og reglum settar með stöðum í þeim lögum. Hugtakið tengdur aðili er skilgreint með sjálfstæðum hætti í ársreikningalögum og lýtur þar að upplýsingum sem skal veita í skýringum með reikningsskilum. Borgarráð ber skv. sveitarstjórnarlögum ábyrgð á framsetningu ársreiknings og hefur skv. skipulagi Reykjavíkurborgar falið fjármálaskrifstofu að annast það verkefni. Það er því ábyrgð fjármálaskrifstofu að halda utan um það hverjir teljist tengdir aðilar á hverjum tíma skv. skilgreiningu ársreikningalaga og tryggja að framsetning upplýsinga í skýringum með ársreikningi um víðskipti við tengda aðila sé í samræmi við ákvæði 53. og 63. gr. ársreikningalaga. Í samræmi við 72. gr. sveitarstjórnarlaga beri fjármálaskrifstofu jafnframt að tryggja aðgang endurskoðanda að gögnum sem þeir óska eftir til að geta staðfest ársreikning sveitarfélagsins. Þá beri fjármálaskrifstofu jafnframt að tryggja að innri endurskoðun hafi aðgang að þessum upplýsingum í samræmi við skilgreint hlutverk innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar.

Samþykkt að fela Ingu Björgu Hjaltadóttur að ljúka við bréf til fjármálaskrifstofu vegna málsins á grundvelli draga að minnisblaði og umræðum á fundinum, en bréfið verði sent til samþykktar nefndarmanna milli funda.

3. Lagt fram að nýju erindi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur dags. 28. febrúar 2018, með ósk um umsögn endurskoðunarnefndar um tillögu stjórnar að framtíðarfyrirkomulagi innri endurskoðunar Orkuveitunnar. IE17120004  
Samþykkt að fela Ólafi Kristinssyni og Ingu Björgu Hjaltadóttur að vinna drög að umsögn.
4. Fram fer umræða um innra starf endurskoðunarnefndar  
Samþykkt að setja af stað viðhorfskönnun um störf endurskoðunarnefndar. IE18030005

**Fundi slitið kl. 11:11**

Ólafur Kristinsson

Sunna Jóhannsdóttir  
Ingvar Garðarsson

Inga Björg Hjaltadóttir